ÍÞRÓTTAPÓSTURINN

Vika 25, 2024



Kvennalandslið í Tennis keppir á Heimsmeistaramótinu í liðakeppni (Europe Group III).

Íslenska Kvennalandsliðið er mætt til Chisinau í Moldóvu til að keppa á Billie Jean King Cup – Heimsmeistaramótinu í liðakeppni (Europe Group III).
Mótið verður haldið yfir dagana 17-23 júní.
Liðið samanstendur af eftirfarandi leikmönnum:

1. Anna Soffía Grönholm

2. Bryndís Rósa Armesto Nuevo
3. Eygló Dís Ármannsdóttir
4. Íva Jovisic

Þjálfari: Jón Axel Jónsson

Upplýsingar um mótið á vef TSÍ



Sumarnámskeið fyrir krakka hjá Þríþrautarsambandinu

Vel heppnuðu þríþrautar sumarnámskeiði fyrir krakka og unglinga á vegum Þríþrautarsambands Íslands lauk í vikunni. Þar sem þátttakendur skemmtu sér konunglega og lærðu helling um sund-, hjóla- og hlaupaæfingar ásamt skemmtilegum leikjum tengdum íþróttinni.

Besta þríþrautarkona landsins Guðlaug Edda Hannesdóttir mætti á svæið og heilsaði upp á krakkana . Guðlaug hefur þríþraut að atvinnu og er á leiðinni á Ólympíuleikana í París fyrst Íslendinga.

Nánari upplýsingar á vef ÞRÍ



Snæfríður Sól komin í úrslit á nýju íslandsmeti

Snæfríður Sól Jórunnardóttir synti rétt í þessu í 16 manna úrslitum í 200m skriðsundi á Evrópumeistaramótinu í sundi. Hún gerði sér lítið fyrir og setti nýtt Íslandsmet þegar hún synti á tímanum 1:57,87 og er komin áfram í úrslitasundið

Upplýsingar um EM50 á vef SSÍ

Undirbúningur fyrir landsliðsverkefni 2024 er farin af stað hjá MSÍ

Undirbúningur fyrir landsliðsverkefni 2024 er farin af stað af fullum krafti en MSÍ stefnir á að senda lið til þátttöku á bæði Coupe de l'Avenir í Belgíu og Motocross of Nations sem haldið er í Matterley Basin í Bretlandi í ár.

Gunnlaugur Karlsson liðstjóri MXON og Guðbjartur Ægir Ágústsson Liðstjóri Coupe de l'Avenir hafa birt lista yfir þá sem eiga möguleika á að komast í landslið íslands miðað við stöðuna í dag en listinn verður uppfærður eftir hverja keppni í Íslandsmótinu. Landslið Íslands verður svo tilkynnt þann 11.Ágúst.

Listann yfir á sem eiga möguleika á landsliðsæti er að finna hér



Sumarmót Lyftingasambandsins verður sunnudaginn 23. júní á

Akureyri

Hlekkur á streymi frá mótinu



Snævar Örn fór mikinn í Berlín og ryður brautina í nýjum flokki VIRTUS

Sundmaðurinn Snævar Örn Kristmannsson frá ÍFR tók nýverið þátt á IDM Berlin sundmótinu (opna þýska meistaramótið) þar sem hann gerði gott mót og bætti sinn besta persónulega árangur í fimm greinum!

Á IDM Berlin keppti Snævar í AB flokki en hérlendis keppir hann í flokki S15 sem er flokkur sundmanna með einhverfugreiningu en Snævar greindist með dæmigerða einhverfu ríflega tveggja ára og ADD 7 ára. Árið 2023 vann Snævar Sjómannabikarinn á Nýárssundmóti ÍF en sá bikar er afhentur þeim einstaklingi sem vinnur besta afrek mótsins en mótið er aðeins fyrir 17 ára og yngri og hefur Sjómannabikarinn verið afhentur óslitið frá árinu 1984!

Nánar má lesa um Snævar á vef ÍF



Íslenskir hnefaleikamenn í keppa erlendis

Mikið stendur til hjá hnefaleikamönnum frá Íslandi um þessar mundir.

Emin Kadri og Elmar Gauti Halldórsson eru mættir til London til að taka þátt í feiknasterkumóti sem nefnist Haringey Box Cup sem haldið er í Alexandra Palace, öðru nafni Ally Pally, sem þekkt er fyrir að hýsa heimsmeistaramótið í Pílu. Keppendur koma víðsvegar að úr heiminum frá alls 16 löndum.

Emin sem kemur úr Hnefaleikafélagi Kópavogs keppir í -71kg flokk og hefur verið dreginn beint í undanúrslit en Elmar Gauti kemur úr röðum Hnefaleikafélags Reykjavíkur og keppir í -75kg flokki og fer einnig beint í undanúrslit. Kjartan Valur Guðmundsson þjálfari Hnefaleikafélags Kópavogs mun stýra þeim,

Nánar á vef Hnefaleikasambandsins



Örninn TREK Íslands-meistaramót í fjallahjólreiðum í Öskjuhlíðinni á morgun

Tími og staður: laugardagur 22. júní, 2024 í Öskjuhlíð

Keppnishaldari: Hjólreiðafélag Reykjavíkur

Afhending keppnisgagna: á keppnisstað frá klukkan 10.00 á keppnisdegi.

Keppnisfundir og ræsing:

Keppnisfundur fyrir eftirfarandi hefst 10:45

Masters kvk, B flokkur kvk og junior kvenna fara 2 stóra hringi, starta klukkan 11:00

U17 fara 4 litla hringi, starta klukkan 11:02

U15 fara 3 litla hringi, starta klukkan 11:04

U13 og U11 fara 2 litla hringi, starta klukkan 11:06

Verðlaunaafhending strax eftir ræsingu Elite flokka.

Nánar á vef Hjólreiðasambandsins



Forysta ehf

Bildshofda 14,
110 Reykjavík,
Iceland

Þú færð þennan póst vegna þess að þú hefur skráð þig á póstlistann okkar, þú hefur verið á eldri netfangalista, eða mögulega ert þú flokkaður sem forráðamaður í íþróttahreyfingunni. Þú smellir á hlekkinn hér að neðan ef þú villt afskrá.

Afskrá mig

SENT BY mailerlite